



Litbrigði Hafnarfjallsins „Ég mála landslagið til að tjá tilfinningar mínar,“ segir Michelle.



Kata blómadrötning í Borgarnesi Michelle málar myndir af fólki sem henni þykir vænt um.

Málverkin eins og dagbók lífs míns

● Bandaríska listakonan Michelle Bird sýnir í Safnahúsinu í Borgarnesi ● Kom til Íslands árið 2012 og hefur nú keypt sitt fyrsta hús á ævinni ● Elskar það þegar vindurinn lemur húsið að utan

VIÐTAL

Guðrún Vala Elísóttir
Borgarnesi



Sýning á verkum listakonunnar Michelle Bird verður opnuð í dag klukkan 13 í Safnahúsinu í Borgarnesi. Sýningin sem hún kallar „Litir Borgarness“ eru málverk af fólki, landslagi og upplifun hennar hér.

„Málverkin mín eru eins og dagbók lífs míns,“ segir Michelle. „Ég mála myndir af fólki sem ég hitti og fólki sem mér þykir vænt um. Ég mála landslagið og stundum abstraktmyndir sem tjá tilfinningar mínar. Að mála er mín leið til samskipta, að tjá það sem ég annars myndi ekki koma frá mér.“

Michelle er búsett í Borgarnesi en fæddist í San Francisco árið 1965. Spurð um uppruna sinn segir hún: „Fyrstu árin var ég mest á Havaí en síðar meira í San Francisco. Faðir minn flaug fyrir japanskt flugfélag og við fórum mikið á milli. Hann er af kínverskum og mongólskum ættum og var í hópi flóttamanna sem flúðu frá Kína um miðja síðustu öld, þá 16 ára gamall. Aðstæður hans voru erfiðar og hann varð viðskila við fjölskyldu sína um tíma. Móðir mín er hinsvegar bandarísk en af írskum, velskum, skoskum og norskum ættum.“

Fjölskyldan er afar listræn, móðir hennar myndskreytir bækur og vinnur við hönnun, faðir hennar málar eftirmyndir og systir hennar er rithöfundur.

„Ég fékk mikla hvatningu strax í æsku til listsköpunar. Ég var alltaf að teikna og mála og fór á mörg myndlistarnámskeið. Þegar önnur börn voru að leika sér var ég látin í þóssum hjá japönskum leirkerasmið og fékk að dunda mér við leirlist. Um helgar var farið með mig á söfn og sýningar og svo varð ég auðvitað fyrir miklum áhrifum af mömmu og teikningum hennar.“

25 listasmiðjur á einu ári

Michelle lærði myndlist í Bandaríkjunum og Hollandi en þangað flutti hún 25 ára gömul og bjó í 15 ár í Amsterdam.

„Ég var mjög spennt fyrir því að mála þar, Amsterdam er sérstaklega góður staður fyrir listamenn, listaflóran þar er gífurleg, listasagan og hefðin sterk. Í einu orði sagt fullkominn staður fyrir listamenn að búa á og starfa.“

En eftir þessi 15 ár lét hún hjartað ráða för, söðlaði um og flutti til Sviss í bæ sem heitir Winterthur.

„Það var svo skrytið að þegar ég var komin þangað var eins og heilladísir hefðu fylgt mér, því allt kom fyrirhafnarlaust upp í hendurnar á mér. Dag einn gekk t.d. safnvörður framhjá heimili mínu, sá verk eftir mig og skildi eftir nafnspjald þar sem hann óskaði eftir að fá að sjá fleiri verk eftir mig. Það leiddi af sér stóra sýningu, ýmis verkefni og sölu á verkum út um allt Sviss og víðar. Eitt leiddi af öðru og ég hélt m.a. 25 listasmiðjur á einu ári í vinnustofunni minni.“

Michelle segir að svona hafi þetta gengið í



Sjálfsmynd Michelle Bird við sjálfsmynd. „Ég er eins og forfeður mínir, hirðingi í eðli mínu.“

BORGNESINGAR

Hressir og jarðbundnir

Fólkið í Borgarnesi hefur tekið Michelle afskaplega vel og segir hún Borgnesinga vera góða, hressa og jarðbundna.

„Og þeir skilja af hverju ég vil búa hér, það er eins og þeir hugsi með sér: „Já, Michelle skilur leyndarmálið okkar.“ Annarstaðar þar sem ég hef búið hefur fólk undrast á búsetu minni og það hefur tekið mörg ár að kynna fólki vel, en hér er allt annað. Með aldrinum er ég farin að líta á allan heiminn sem heimili mitt, ég er af blönduðu þjóðerni og pabbi sagði við mig að ég ætti alltaf eftir að upplifa mig sem annars flokks þegn af því ég væri innflytjandi en ég hef bara alls ekkert gert það. Ég hef líka verið svo heppin að geta alltaf lifað á listinni og alltaf trúað því að það væri hægt en mamma hafði aldrei neinar efasemdir um að ég gæti það.“

um sjö ár en þá fór henni að líða ein-kennilega.

„Mér fannst ég vera föst inni í miðju landi og þráði að komast nær sjónum. Ég gat ekki hugsað mér að vera þarna lengur og fannst ég vera komin með einhverskonar einstefnusýn. Ég reif mig því upp og fór til Antwerpen í Belgíu þar sem ég tók á leigu hæð í stóru gömlu yfirgefnu húsi og setti þar upp vinnustofu. Ég málaði og málaði dag og nótt og hélt eina sýningu. Ég var mikið á faraldsfæti líka, skrapp yfir til Sviss þar sem ég var með sýningar og til Parísar þar sem ég sýndi og svo fór ég oft til Amsterdam.“

Eftir árið segist Michelle hafa verið farin að finna fyrir þreytu. Með flutningunum gerði hún sér grein fyrir að heimilið hafði stækkað, hún hélt eiginlega tvö heimili á þessum tíma.

Ísland kemur til sögunnar

Sumarið 2012 kom Michelle fyrst til Íslands og dvaldi á Hofsósi við listsköpun hjá „Baer Art Center“. „Ég varð fyrir dásamlegri upplifun, ég fann fyrir svo miklum töfrum í náttúrunni, orku frá fjöllum, friðsæld, þessi þögn og friður en ekki þessi stanslaus hávaði úr borgarmeningunni. Sýn mín varð allt í einu alveg skýr og ég fann að ég vildi koma aftur til Íslands.“

Tæpu ári síðar um vetur kom hún til Reykjavíkur og var í einn mánuð.

„Ég upplifaði Reykjavík að sjálfsögðu allt öðruvísi en Hofsós, en langaði samt til að setjast þar að. Um tíma hélt ég reyndar að ég gæti átt tvö heimili, þ.e. annað í Sviss, en fann síðan að ég kærdi mig ekki um að vera alltaf að fara fram og aftur. Á sama tíma lauk langvarandi sambandi sem ég hafði verið í og einn fjölskyldumeðlimur lést. Í kjölfarið fór ég í djúpar hugsanir og svo ákvað ég bara að pakka öllu dótinu mínu í 20 feta gám og flytja til Íslands, sem að mínu mati sameinar það besta bæði úr Evrópu og Ameríku.“

Michelle byrjaði á því að leigja sér húsnæði í Reykjavík en það var ekki hentugt, enda verkin hennar mörg stór og rúmuðust illa.

Eins og í skipi

„Þó að mér finnst Reykjavík frábær borg, fann ég mig ekki þar. Svo ég fór að leita á netinu að húsi og allt í einu rakst ég á hús í Borgarnesi. Það er algjörlega fullkomið, ég hef útsýni yfir Borgarfjörðinn úr þremur áttum og Hafnarfjallið blasir við. Húsið hefur mikla lofthæð, gluggar eru stórir og það er náttúruleg birta um allt hús. Ég elska það líka þegar vindurinn lemur húsið að utan og mér líður eins og ég sé um borð í skipi.“

Michelle segist ekki vera góð í því að gera plön og veit því ekkert hvert lífið ber hana. Alls konar óvæntir hlutir geta gerst, segir hún.

„Ég er eins og forfeður mínir, hirðingi í eðli mínu, en hér er ég núna og hef keypt mitt fyrsta hús á ævinni.“

Sýningin á verkum Michelle Bird stendur til 25. febrúar og verður opin frá kl. 13-16 á opnunardaginn en eftir það frá kl. 15-18.